

Þessi nýlega skýrt frá, að hún vegna hinna miklu starfa, sem hún hafði að leysa af hendi við jarðamatið, hafi enn ekki haft tóm til að semja fyrirtæð lagafrumvarp, en vonar þó að frumvarp þetta muni verða fullgjört þegar í vor eða í sumar.

Til staðfestingar úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vær sent Yður þessa auglýsing Vora og heitum Voru trúa alþingi hylli Vorri og konúnglegri mildi.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

1857.

27. maí.

13. Opið bréf um löggilding verzlunarstaðar við Sauðárkrók í Skagafjarðar sýslu í Íslands Norðuramti. 27. maí.

Vær Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: Eptir þegnlegu frumvarpi alþingis hefir Oss allramildilegast þóknast að löggilda verzlunarstað við Sauðárkrók í Skagafjarðar sýslu í Íslands Norðuramti.

Fyrir því skal það frá 1. janúar 1858 vera fastakaupmönnum heimilt, að setjast að á tæðum stað með þeim skilmálum er segir í opnu bréfi 28. desember 1836, og mega einnig frá sama tíma innlendir og útlendir lausakaupmenn sigla þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem ákveðið er í nefndu laga-boði og í lögunum 15. apríl 1854 3. grein.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konúngsfulltrúa, Melsteðs amtmanns, um jarðamatið. 30. maí.

Eptir allraþegnsamlegastri uppástúngu dómsmálastjórnarinnar hefir Hans Hátign konúnginum 27. þ. m. þóknast allramildilegast að samþykkja:

- I. a) að leggja megi fyrir þessa árs alþingi til álits frumvarp það, sem nefnd sú, er kosin var í Reykjavík árið 1855,